



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun), 148. löggjafarþing 2017 -2018. Þingskjal nr. 9 – 9. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar um skilyrðislausa grunnframfærslu eða svokölluð borgaralaun. Tillagan gerir ráð fyrir að skipaður verði starfshópur sem kortleggi leiðir til að tryggja öllum borgurum landsins skilyrðislausa grunnframfærslu með það að markmiði að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi fólks og útrýma fátækt.

MRSÍ styður allar aðgerðir sem eru til þess fallnar að styðja efnahagsleg og félagsleg réttindi og draga úr fátækt. Skrifstofan veltir því þó fyrir sér, í ljósi þess að hér er um róttæka breytingu að ræða, sem væntanlega kostar mikinn tíma og fjármuni, en væri þó gerleg ef vel væri að henni staðið, hvort ekki mætti fremur endurskoða núverandi kerfi. Þá mætti byggja ofan á úrræði sem þegar eru til staðar, afnema eða minnka tekjuskurðingar, haga greiðslu örorku- og ellilífeyris í samræmi við framfærsluviðmið o.s.frv.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri